

Fimmtudaginn 20. október 8:30 – 11:30

## Teymisvinna

### Hvað þarf til að teymi skili árangri?

**Flestir kannast við orðin teymi og teymisvinna en það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir hvað felst í þessum hugtökum. Margir hafa jafnvel verið settir í teymi eða átt að stýra teymi án nokkura leiðbeininga eða þjálfunar. Teymastarf verður nefnilega ekki til með því að skipa fólk í hóp og kalla hópinn teymi og leiðtogi teymis verður ekki leiðtogi þess bara að því að sá titill er á nafnspjaldinu?**

Það er lykilatriði að þeir sem koma að teymisvinnu viti út á hvað hugtakið gengur, sérstaklega þeir sem ætlað er að leiða teymi. Þeir þurfa að vera meðvitaðir um það helsta sem máli skiptir í slíku samstarfi, hvers ber að gæta og hvað ber að varast, kannast við þroskastig hóps sem nær að þróast í raunverulegt teymi, geta tekist á við algengar áskoranir, og sýnt hæfni til að móta og taka þátt í árangursríkum samskiptum sem leiða teymi í átt að árangri.

#### **Markmið:**

- Aukinn skilningur á í hvernig aðstæðum og verkefnum er þörf fyrir teymi.
- Aukin hæfni til að leiða teymi eða vinna í teymi.



#### **Ávinningur þinn:**

- Aukinn skilningur á þáttum sem einkenna árangurríka teymisvinnu
- Aukin hæfni til að stjórna eða taka þátt í teymisvinnu

**Leiðbeinandi:** Steinunn Stefánsdóttir ráðgjafi og eigandi Starfsleikni. Hún er M.Sc. í viðskiptasálfræði og M.Sc. í streitufræðum.

**Verð:** kr. 9.900.- (kr. 4.590,- greitt úr Starfsmenntasjóðnum\*)

**Skráning:** [hér](#)

**Tími:** Fimmtudaginn 20. október kl. 8:30 – 11:30 boðið er upp á léttan morgunverð áður enn að námskeiðið hefist)

**Staður:** Hús verslunarinnar, 9. hæð

**\*Fyrirtæki geta sótt um styrk fyrir þá félagsmenn sína (ekki bara fyrir VR félag) sem eru innan ASÍ og eru aðilar að starfsmenntasjóðum á Áttin.is [www.attin.is](http://www.attin.is) ef stigaeign fyrirtækja er fyrir hendi.**